

Viðbrögð Eflingar vegna tillagna SSSK dags. 7.10.2020 – minnisblað

Samtök sjálfsætt starfandi skóla (SSSK) lögðu í gær 7.10.2020 fram tillögu að kjarasamningi við Eflingu.

Eftirfarandi eru viðbrögð sem samninganefnd Eflingar lagði fram á samningafundi í dag 8.10.2020.

1. Fjöldi kjaraskerðinga – ósannindi í fjölmiðlum

Í greinum 4-6 í tillögum SSSK er að finna fjölmargar skerðingar á kjörum og réttindum starfsmanna samanborið við framhald þess að þeir taki kjör eftir núgildandi kjarasamningum Eflingar við Reykjavíkurborg eða önnur sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu.

Hér fylgja nokkur dæmi um þessar kjaraskerðingar:

- Gefin er heimild til að að víkja sér undan því að ráða þá á mánaðarlaun sem vinna í tímavinnu sem nemur meira en 20% starfshlutfalli. Starfsmenn eiga á hættu að missa ýmis réttindi sem fylgja því að vinna á mánaðarlaunum fremur en í tímavinnu, fyrst og fremst veikindarétt.
- Krafa um áminningarferli, sem veitir vernd gegn ómálefnalegum ástæðum uppsagnar, er afnumin og þar með auðveldað til muna að segja starfsfólki upp störfum.
- Ávinnsla á rétti til desember- og orlofsuppbótar sem og til greiðslu launa í orlofi meðan á fæðingarorlofi stendur er afnumin. Fyrir starfsmann sem fer í 6 mánaða fæðingarorlof er þetta kjaraskerðing upp á 15 launaða daga og um 75 þúsund krónur.
- Ákvæði um greiðslu lausnarlauna að loknum veikindum eru afnumin.
- Ákvæði um flutning áunninna réttinda á milli atvinnurekenda eru afnumin, sem myndi í sumum tilvikum stytta veikindarétt úr 360 dögum í 14 daga.

Þetta er einungis hluti af þeim fjölmörgu kjaraskerðingum sem krafist er í tillögum SSSK.

Eftirfarandi sagði í [frétt á Mbl.is](#) í gær 7.10.2020 sem birtist að afloknum fundinum þar sem tillögurnar voru lagðar fram:

Spurð hvort einhverjar kjaraskerðingar sé að finna í tillögum SSSK segist Sara telja að svo sé ekki. „Það eru bara ákveðnar greinar í þessum samningsdrögum sem eru orðaðar öðruvísi. Að öðru leyti er þetta sami ramminn, launakjör eru nákvæmlega þau sömu.“

Lýst er furðu á því hvernig formaður SSSK getur fullyrt í viðtölum við fjölmiðla að „launakjör séu nákvæmlega þau sömu“ og að engar kjaraskerðingar séu í tillögunum þegar svo er augljóslega ekki.

2. Rofið á tengingu við Reykjavíkurborgarsamning – óútskýrður viðsnúningur

Í tillögu SSSK er óvænt og skyndilega lagt til að samningur vísi í kjör félagsmanna Eflingar sem starfa undir samningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) en ekki samningi Eflingar við Reykjavíkurborg. Tekið skal fram að ekki er mikill munur á samningum Eflingar við Reykjavíkurborg og SÍS og þær kjaraskerðingar sem lýst er að ofan samrýmast hvorugum samningi. Engu að síður er um skyndilegan og óútskýrðan viðsnúning að ræða.

Sú hefð hefur ríkt um árabíl að kjör starfsfólks hjá aðildarfyrirtækjum SSSK taki mið af samningi Eflingar við Reykjavíkurborg. Félagsmenn hjá 20 af 22 aðildarfyrirtækjum SSSK sem í hlut eiga starfa á leikskólum sem eru staðsettir í Reykjavík og starfa samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Kjör starfsmannahópsins í heild hafa bæði í eiginlegum kjarasamningi á sínum tíma og í seinni tíma einhliða yfirlýsingum ávallt tekið mið af kjörum félagsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg.

Í [viðtali á Mbl.is](#) kemur fram í máli Söru Daggar Svanhildardóttur að „forsendur sérsamnings geti aldrei byggt á öðru en forsendum sveitarfélags þar sem skóli starfar“. Þetta er í hrópandi mótsögn við samningstillöguna, þar sem lagt er til að kjör á 20 af 22 stofnunum sem í hlut eiga taki mið af forsendum annars sveitarfélags en þar sem skólinn starfar.

Lýst er furðu á mótsagnakenndum málflutningi SSSK annars vegar á samningafundum og hins vegar í fjölmiðlum. Jafnframt er lýst furðu á slíkum viðsnúningi á viðkvæmu stigi kjaraviðræðna.

Við þetta er að bæta að ekki aðeins felur tillaga SSSK í sér fjölda kjaraskerðinga, sem lýst er í ofangreindu, heldur er vísun tillögunnar í SÍS-samning afar gloppótt. Engin vísun er í yfirlýsingu dags. 10. maí 2020 um sérstakar greiðslur til félagsmanna Eflingar stéttarfélags á bilinu 2.000 til 15.000. Í 2. grein er að finna vísun í ákvæði um breytingar á föstum greiðslum en þar ekki minnst á að greiðslurnar taki 2,5% hækkunum 1. janúar 2021 og 2022. Auk þess er hvergi minnst á styttingu vinnuvikunnar.

*Rætt á samningafundi hjá Ríkissáttasemjara 8. október 2020
Efling - stéttarfélag*